

Langafasta

Einn hluti kirkjuársins nefnist *langafasta*. Annað heiti yfir þennan tíma er sjöviknafasta. Með henni er verið að minna á þann tíma sem Jesús fastaði í eyðimörkinni, það er að segja dagana 40 eftir að hann var skírður í ánni Jórdan. Þetta er með öðrum orðum undirbúningstími, þar sem kristinn söfnuður íhugar af alvöru þá atburði sem leiddu til aftöku meistarans á föstudaginn langa fyrir rúmum 2000 árum. Til þess að undirstrika þetta breytist litur kirkjuársins á föstunni úr grænum í fjólublátt, sem er merki iðrunar og dapurleika. Í augum margra kristinna manna eru þetta sjö helgustu vikur ársins.

Langafasta hefst samkvæmt venju á miðvikudegi í sjöundu viku fyrir páska, það er að segja á öskudag, sem getur verið á bilinu frá 4. febrúar til 10. mars. Víða í Evrópu og annar staðar í heiminum tíðkast sérstakar kjötkveðjuhátíðir síðustu dagana fyrir lönguföstu.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur.

Bolludagur er mánudagurinn í sjöundu viku fyrir páska og getur fallið á tímabilið frá 2. febrúar til 8. mars. Hann dregur nafn sitt af bolluátinu sem einkennir hann og barst hingað seint á nítjándu öld ásamt þeim sið að vekja menn með flengingum.



Sprengidagur er þriðjudagurinn í sömu viku. Líklegt er að kjötátið sem tengist þessum degi eigi rætur að rekja til katólsku. Fasta katólskra byrjar einmitt daginn eftir og þá borða þeir ekki kjöt svo sem kunnugt er. Íslenska heitið, sprengidagur, er þekkt frá átjándu öld. Líklegast er að nafnið beri að rekja til þeirrar katólsku venju að stökkva vatni á kirkjugesti þennan dag. Dagar sem slíkur siður fylgir heita á þýsku "Sprengtag" og hefði það heiti getað borist til Íslands með þýskum biskupum eða kaupmönnum á síðmiðöldum.



Öskudagur er miðvikudagurinn í sjöundu viku fyrir páska. Heiti dagsins er dregið af því að þá var ösku dreift yfir höfuð iðrandi gesta í katólskum kirkjum. Nafnið er þekkt frá miðri fjórtándu öld en gæti verið nokkru eldra.



Siðir og venjur

Þótt hátíðleiki öskudagsins hafi minnkað og jafnvel horfið hér á landi við siðbreytinguna hélt fólk áfram að gera sér glaðan dag síðustu dagana fyrir lönguföstu og hér hafa þróast ýmsir siðir kringum bolludag, sprengidag og öskudag. Athyglisvert er að bolludagur (sem væntanlega fékk ekki nafnið fyrr en snemma á 20. öld) og öskudagur hafa að nokkru leyti skipt um hlutverk. Lengi vel var mánudagurinn í 7. viku fyrir páska hefð-

bundinn frídagur barna í skólum og þá tíðkaðist víða um landið að "marséra" í grímubúningum og að slá köttinn úr tunnunni, seint á 19. öld. Þeir siðir hafa væntanlega borist frá Danmörku eða Noregi. Árið 1917 hafði frídagurinn verið færður yfir á öskudaginn víðast hvar á landinu og siðirnir fluttust með. Að "marséra" og slá köttinn úr tunnunni datt þó víðast hvar upp fyrir á 20. öld, en hélst þó við á Akureyri og hefur þaðan breiðst út á ný.

Önnur venja hefur flust frá öskudegi til bolludags en það eru flengingar með vendi. Í katólskum sið var ösku dreift með einhvers konar vendi í kirkjum á öskudag og guðhræddir menn flengdu sjálfa sig með vendi í iðrunarskyni. Við siðbreytinguna fluttust flengingarnar yfir á aðra sem skemmtun og börn tóku þær að sér á bolludaginn hér á Íslandi.

Ein er sú hefð tengd öskudeginum sem ekki finnst annars staðar en á Íslandi, en það er sú venja að hengja öskupoka á fólk. Kannski má rekja upphaf þess til katólskunnar en menn sóttust í að taka ösku með sér heim úr kirkjum til að blessa heimilið. Þessi pokasiður þekkist á Íslandi allt frá miðri 18. öld. Hér skiptist pokasiðurinn lengi vel í tvennt eftir kynjum: konur hengdu öskupoka á karla en karlar poka með steinum á konur. Líklegt er að ólík kynjahlutverk og aðgengi að hlutum hafi þar skipt máli, en lykilatriði hjá báðum kynjum var að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

Snemma á 20. öld þróaðist öskupokasiðurinn í þá átt að verða nokkurs konar Valentínusarbréf. Ungar stúlkur sendu ungum piltum sem þeim leist vel á poka til að gefa áhuga sinn til kynna.

Unnið úr greinum af Vísindavef og úr bókinni Saga daganna